

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 19. febrúar 2025 í máli nr. 83/2023
í kjölfar endurupptöku þess

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 21. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili endurgreiði sér 630.911 krónur en til vara að krafa varnaraðila vegna uppsetningar og breytinga á borðplötu verði lækkuð að álitum. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Kærunefndin lauk meðferð á því máli, sem nú er endurupptekið, með úrskurði 28. júní 2024. Var þar að hluta til fallist á kröfu sóknaraðila þannig að varnaraðila bæri að endurgreiða sóknaraðila 383.329 krónur.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, afrit af skriflegum samskiptum milli arkitekts og varnaraðila í mars 2023, reikningur varnaraðila, dags. 2. júní 2023, reikningur varnaraðila, dags. 28. júní 2023, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, afrit af tilboðum annarra fyrirtækja í kaup á borðplötum, afrit af skriflegum samskiptum milli arkitekts og sóknaraðila, afrit af smáskilaboðum milli aðila, grunmynd og teikning af eldhúsi, upplýsingar um uppsetningu sem birtast á vefsíðu varnaraðila, samskipti milli arkitekts og [...] í desember 2022, tilboð [...] í eldhúsinnréttingu og umboð. Með beiðni sinni, dags. 27. júlí 2024 lagði varnaraðili fram ljósmynd af dagbók starfsmanns varnaraðila, ljósmyndir starfsmannsins á verkstað, tölvupóstsamskipti frá 13. desember 2022 til 16. mars 2023 og tilboð [...] í stálborðplötu, dags. 16. desember 2022.

Með bréfi, dags. 27. júlí 2024, óskaði varnaraðili eftir endurupptöku á málinu þar sem hann taldi niðurstöðu kærunefndarinnar hafa byggst á ófullnægjandi og röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Með upphaflegu erindi sóknaraðila fylgdu [gögn] en með endurupptökubeiðni fylgdu [ný gögn]. Með bréfi kærunefndarinnar, dags. 6. ágúst 2024, var sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum við framkomnu erindi varnaraðila. Með bréfi, dags. 26. ágúst 2024, mótmælti sóknaraðili endurupptöku málsins og taldi að skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga væri ekki fullnægt í málinu án þess þó að rökstyðja það frekar. Þann 9. október 2024 komst kærunefndin að þeirri niðurstöðu að með framlagningu framangreindra gagna og upplýsinga hafi varnaraðili leitt að því nægjanlegar líkur að niðurstaða kærunefndarinnar í málinu hafi byggst á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik. Taldi kærunefndin því skilyrði fyrir hendi til að fallast á beiðni varnaraðila um endurupptöku málsins. Með bréfi sama dag var

sóknaraðila gefið tækifæri á að koma að athugasemdum við málsástæður varnaraðila og bárust athugasemdir sóknaraðila 18. október 2024.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt því sem fram kemur fram í gögnum máls hafði arkitekt á vegum sóknaraðila samband við varnaraðila vegna fyrirhugaðra kaupa sóknaraðila á sérsmíðaðri ryðfrírri borðplötu í eldhús sitt. Í kjölfarið sendi arkitektinn varnaraðila mál af innréttingu sóknaraðila í tölvupósti þann 13. mars 2023. Í tölvupósti varnaraðila, dags. 15. sama mánaðar, upplýsti hann arkitektinn um að hann væri að smíða sams konar borðplötu fyrir annan viðskiptavin sinn með svipuðum málum og innréttungu sóknaraðili yrði með og væri kostnaður við þá smíði að fjárhæð 1.000.000 króna að meðtöldum virðisaukaskatti. Með tölvupósti, dags. 16. mars 2023, óskaði arkitektinn, fyrir hönd sóknaraðila, eftir kaupum á sambærilegri borðplötu. Varnaraðili lækkaði síðar verð sitt í smíðina í 840.000 krónur þar sem fallið var frá því að sjóða vask við borðplötuna. Uppmæling á borðplötunni fór fram 20. sama mánaðar en að sögn varnaraðila þurfti hann að styðjast að hluta til við uppgefin mál á teikningum af innréttungunni þar sem innréttungu í eldhúseyju hafði þá ekki verið sett upp, þrátt fyrir fullyrðingar arkitekts á vegum sóknaraðila, um annað. Við uppsetningu á borðplötunni þann 30. maí 2023 kom í ljós að borðplatan passaði ekki á eyjuna og þurfti því að gera tilteknar breytingar á henni. Lauk því verki 5. júní 2023. Með reikningi, dags. 2. júní 2023, krafðist varnaraðili greiðslu að fjárhæð 840.000 krónur, sem sóknaraðili greiddi í kjölfarið. Þann 28. sama mánaðar barst sóknaraðila annar reikningur frá varnaraðila að fjárhæð 630.911 krónur vegna breytingar á borðplötunni og uppsetningu hennar. Varðar ágreiningur aðila þennan síðari reikning varnaraðila. Hefur sóknaraðili greitt hann að fullu með fyrirvara um réttmæti hans.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili endurgreiði honum 630.911 krónur þar sem hann telur sig hafa fullgreitt varnaraðila samkvæmt tilboði hans í smíði á borðplötu og uppsetningu hennar. Sóknaraðili vísar til ákvæða 15. og 16. gr. laga nr. 48/2023 um neytendakaup (nkpl.) sem mæla fyrir þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla í skilningi laganna. Í b. lið 1. mgr. 16. gr. laganna segi að söluhlutur telst haldinn galla ef: „*seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til að neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi áhrif á kaupin*“. Sóknaraðili byggir á að hafa verið í góðri trú um að greiðsla að fjárhæð 840.000 krónur hafi verið fullnaðargreiðsla vegna kaupa á sérsmíðaðri borðplötu og uppsetningu hennar. Vísar sóknaraðili til þess að tilboð varnaraðila hafi bæði verið ósundurliðað og hátt og hafi sóknaraðili því mátt halda að uppsetning hafi verið hluti þess enda sé það venja í viðskiptum sem þessum. Sóknaraðili telur þar af leiðandi að varnaraðili geti ekki krafist frekari greiðslu úr hendi sóknaraðila nema skilyrði fyrir viðbótargreiðslu sé fullnægt.

Sóknaraðili vísar auk þess til d. liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl. þar sem fram komi að galli teljist vera til staðar ef nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut. Sóknaraðila þyki ljóst að honum hafi ekki verið veittar fullnægjandi upplýsingar hvað þetta atriði varði

og hafi því mátt ætla að uppsetning hafi verið innifalin líkt og venja sé, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili á að tilboð varnaraðila var ósundurliðað og því erfitt að glöggva sig á framangreindu. Sóknaraðili vísar einnig til framlagðra tilboða sem sýna viðskipti sóknaraðila og tengdra aðila við fyrirtæki í sama rekstri og varnaraðili vegna kaupa á borðplötum. Sóknaraðili telur að upplýsingar á heimasíðu varnaraðila breyti engu þar um enda hefðu þær þurft að koma sérstaklega fram við samningsgerð auk þess sem umræddar upplýsingar séu ekki mjög aðgengilegar á heimasíðunni. Í samningi aðila sé ekki vísað til annarra skilmála, svo sem heimasíðu varnaraðila og því geti umræddir skilmálar ekki talist hluti af samningi aðila.

Sóknaraðili tiltekur að varnaraðili hafi ekki gert honum grein fyrir eða sett fram fyrirvara um að kostnaður við uppsetningu borðplötunnar væri ekki innifalinn í upphaflegu tilboði. Hljóti það að standa varnaraðila nær að upplýsa sérstaklega um slíkt enda hafi hann atvinnu af viðskiptum sem þessum, ólíkt sóknaraðila. Þá hafi reikningur vegna viðbótargreiðslunnar ekki borist fyrir en þremur vikum eftir að uppsetningu lauk og fyrri reikningurinn verið greiddur. Hafi sóknaraðili því haft ástæðu til að ætla og verið í góðri trú um að greiðsla 840.000 króna hafi verið endanleg greiðsla til varnaraðila. Sóknaraðili ber því jafnframt við að ef samningur eða önnur atvik varðandi kaupverð séu óskýr beri almennt að skýra slíkt seljanda í óhag. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar frá 26. apríl 2007 í máli nr. 517/2006 þessu til stuðnings.

Til vara krefst sóknaraðili þess að greiða sanngjarnt verð fyrir uppsetningu og breytingar á borðplötunni og þar með endurgreiðslu sem nemi mismuni á sanngjörnu verði fyrir slíka þjónustu og því verði sem sóknaraðili var krafinn um, sbr. 37. gr. nkpl. Sóknaraðili kveðst hafa lagt fram gögn sem sýni eðlilega gjaldtöku fyrir uppsetningu á borðplötu í eldhúsi og vinnu tengda því. Þá byggir sóknaraðili á því að tímafjöldi sem varnaraðili krefst greiðslu fyrir sé ekki í samræmi við vinnuframlag og sé ósanngjarn.

3.2. Sjónarmið varnaraðila

Varnaraðili bendir á að næstum öll smíði hans sé sérsníði. Á heimasíðu hans sé að finna bæði myndasafn af þeim vörum sem varnaraðili bjóði upp á auk upplýsinga um framleiðslu og þjónustu hans. Þar komi einnig skýrt fram að varnaraðili geri ekki tilboð í uppsetningar.

Varnaraðili vísar til þess að arkitekt á vegum sóknaraðila hafi haft samband við sig í byrjun árs 2023 vegna smíði á ryðfríum borðplötum í eldhús sóknaraðila. Hafi öll samskipti varnaraðila vegna kaupanna verið við arkitektinn. Hafi arkitektinum verið bent á að skoða mynd á heimasíðu varnaraðila sem sýndi sams konar borðplötu og hann hafi óskað eftir. Í kjölfarið hafi arkitektinn óskað eftir tilboði í eins útfærslu og myndin hafi sýnt, þ.e. með stálgrind undir borðplötu fyrir skuggafúgu, úrtaki fyrir helluborði og ísoðnum vaski. Þann 13. mars hafi arkitektinn sent varnaraðila í tölvupósti grunnmynd af innréttingu og mælingu hennar. Hafi varnaraðili svarað tölvupóstinum svo til að grunnmyndin væri nánast eins og önnur borðplata sem væri í smíði hjá varnaraðila sem kosti um 1.000.000 krónur. Í kjölfarið ræddu arkitektinn og varnaraðili símleiðis saman þar sem þau hafi rætt sérstaklega um vinnu við eldhúsvask. Kveðst varnaraðili hafa leiðbeint arkitektinum um hvernig vask þyrfti að kaupa svo unnt væri að sjóða hann við borðplötuna og upplýsti að uppmæling fyrir smíðina væri innifalin í verðinu. Þá kveðst varnaraðili hafa upplýst

arkitektinn um að ef kaupandi hygðist óska eftir að varnaraðili sæi um uppsetningu plötunnar yrði það unnið í tímavinnu. Hafi uppstilling á borðplötunni farið fram, að ósk arkitektsins, þann 20. mars 2023. Að sögn varnaraðila voru innréttingar í eldhúseyju ekki komnar upp þann dag en arkitektinn, sem var á staðnum við uppstillinguna, hafi fullyrt að eyjan yrði 187,5 cm x 120 cm. Upprunalegar grunnteikningar frá arkitektinum hafi hins vegar aðeins tiltekið lengd eldhúseyjunnar sem 200 cm en ekki breidd hennar. Síðar hafi þó komið í ljós að innrétting eldhúseyjunnar hafi verið 160 cm x 120 cm. Hafi varnaraðili lækkað tilboð sitt í smíðina þann 24. mars 2023 í 840.000 krónur þar sem vinnuliður við að festa vask við borðplötuna féll niður.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili óskaði eftir uppsetningu á borðplötunni í tölvupósti og hafi uppstilling hafist 30. maí 2023. Að sögn varnaraðila hafi verkstaður ekki verið undirbúinn af sóknaraðila fyrir uppstillinguna og hafi starfsmenn hans því þurft að aftengja vask og helluborð sem og að fjarlægja gamla borðplötu. Þegar setja átti upp hina keyptu borðplötu hafi komið í ljós að hún var 27,5 cm of löng. Hafi uppgefin mál arkitektsins við uppstillingu því verið röng. Hafi því starfsmenn varnaraðila unnið í sex klukkustundir þann 31. sama mánaðar við að breyta stálgrind undir plötunni og handskera hana, slípa og þússa í samræmi við rétt mál. Hafi uppstillingunni verið fulltekið 5. júní 2023.

3.3. Sjónarmið varnaraðila í endurupptökubeiðni

Varnaraðili byggir endurupptökubeiðni sína á því að úrskurður kæruneftdarinnar frá 28. júní 2024 hafi byggst á ófullnægjandi og röngum upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1994, sbr. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 81/2019.

Varnaraðili vísar til þess að í úrskurði kæruneftdarinnar komi fram að ekkert formlegt tilboð varnaraðila hafi legið fyrir í smíðina. Þá sé tiltekið að ekki verði ráðið af framlögðum gögnum að uppstilling borðplötunnar hafi verið hluti af verðinu sem varnaraðili gaf arkitekt sóknaraðila í aðdraganda kaupanna. Að mati kæruneftdarinnar beri varnaraðila að sýna fram á að sóknaraðili hafi verið upplýstur um að uppstilling borðplötunnar væri ekki innifalin í kaupverðinu. Telur varnaraðili að þessi afstaða kæruneftdarinnar byggist á ófullnægjandi og röngum upplýsingum um málsatvik. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á að hann hafi aðeins átt í samskiptum við arkitekt sóknaraðila þegar borðplatan var pöntuð og sé viðkomandi sérfræðingur á sínu sviði. Að sögn varnaraðila mátti arkitektinum vera vel kunnugt um hver kostnaður við sérsníði á stálborðplötum sé og hafi það verið hluti af hans vinnu að afla upplýsinga um kostnað fyrir umbjóðendur sína. Vísar varnaraðili til tölvupóstsamskipta milli viðkomandi arkitekts og starfsmanns [...] frá því í desember 2022 en um sé að ræða nýtt skjal í málinu. Af samskiptunum megi ráða að arkitektinn sendi síðan sóknaraðila tilboð [...] þann 16. desember 2022. Arkitektinn hafi síðan áframsent varnaraðila sömu samskipti þann 13. mars 2023 í því skyni að gefa honum upplýsingar um teikningar af eldhúsinu sem keypt hafi verið frá [...]. Að sögn varnaraðila hafi arkitektinn þannig óskað fyrst eftir tilboði [...] í sambærilega borðplötu, sem hann hafi síðar endað með að kaupa hjá varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila. Í umræddu tilboði [...], sem sé jafnframt nýtt skjal í málinu, komi fram að kostnaður við borðplötu sé 2.099.135 kr. án uppsetningar. Hafi það tilboð verið meira en helmingi hærra en kostnaðaráætlun varnaraðila vegna sníði á sambærilegri borðplötu. Telji varnaraðili því að arkitektinn og sóknaraðili geti með

engu móti haldið því fram að kostnaðaráætlun varnaraðila hafi verið há og að þeim hafi ekki verið kunnugt um að uppsetningin væri ekki innifalin í henni.

Varnaraðili telur einnig að afstaða kærunevndarinnar til tímaskráningar varnaraðila vegna vinnu sökum rangra mála á borðplötunni hafi byggst á ófullnægjandi gögnum frá sóknaraðila. Virðist varnaraðila sem nefndin hafi aðeins litið til smáskilaboða milli aðila þann 5. júní 2023 og á grundvelli þeirra talið að varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir fleiri vinnustundir en í raun hefðu verið unnar. Niðurstaða nefndarinnar var að sóknaraðila yrði aðeins gert að greiða fyrir 4 vinnustundir varnaraðila í stað 8, líkt og krafist var í reikningi dags. 28. júní 2023. Varnaraðili vísar til þess að í umræddum smáskilaboðum, sem bárust frá varnaraðila að morgni dags. 5. júní 2023, segi eftirfarandi: „*Já.. líklega en sá sem smíðaði þetta er veikur í dag...ég ætla því að hlaupa í skarðið en þarf fyrst að fara á nokkra staði núna með morgninum...verðum þarna eftir hádegi...ég hringi í þig til að komast inn.*“ Varnaraðili byggir nú á því að starfsmenn hans hafi lagt af stað kl. 10.45 í uppsetningu hjá sóknaraðila en í samræmi við dómaframkvæmd telst slíkt hluti af tímavinnu seljanda. Þessu til stuðnings leggur varnaraðili fram ljósmynd úr dagbók starfsmanns varnaraðila þar sem fram kom á hvaða staði hann þurfti að fara áður en hann fór til sóknaraðila. Þar af leiðandi telur varnaraðili að nefndin geti með engu móti gefið sér að vinna varnaraðila hafi hafist á hádegi þennan dag. Þá vísar varnaraðili til þess að nefndin virðist byggja á því að vinnu varnaraðila hafi lokið kl. 14.00 þann dag þegar varnaraðili sendi sóknaraðila mynd af borðplötunni í gegnum smáskilaboð. Varnaraðili leggi fram ljósmynd, sem sé nýtt gagn í málinu, sem var tekin kl. 13.59 þann 5. júní 2023 þar sem sjáist að starfsmenn varnaraðila voru enn við vinnu á verkstað. Því sé ekki unnt að líta svo á að vinnu þeirra hafi lokið kl. 14.00. Hafi vinnu þeirra ekki lokið fyrr en um kl. 15.00 þann dag. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur varnaraðili að hann hafi sýnt fram á að ekki hafi verið krafist greiðslu fyrir fleiri klukkustundir en raunverulega voru unnar þann 5. júní 2023.

3.4. Athugasemdir sóknaraðila í kjölfar endurupptöku málsins

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki áður séð þau gögn sem varnaraðili leggi fram endurupptökubeiðni sinni til stuðnings. Telur sóknaraðili að framlögð tölvupóst-samskipti milli arkitekts og starfsmanns [...], sem og sundurliðað tilboð þess fyrirtækis, tengist með engum hætti varnaraðila og þeim viðskiptaháttum hans sem sé deilt um í máli þessu.

IV

Lagaumhverfi

Lög nr. 48/2023 um neytendakaup gilda um sölu hlutar til neytanda þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu af sölu. Þá gilda lögin um pöntun hlutar sem búa skal til, sbr. a. lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Kaupin á borðplötu af varnaraðila teljast vera pöntunarkaup og þar með heyra þau undir lög um neytendakaup.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,

4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. þkpl. segir að lögin eigi ekki við ef um er að ræða samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytenda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup.

Ákvæði 15. og 16. gr. nkpl. mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í b. lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir að söluhlutur teljist gallaður ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.

Í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðsetningu eru ákvæði um gagnsæi markaðarins. Þar er mælt fyrir um skyldu seljanda vöru að upplýsa um verð á vöru svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það á sölustað seljanda. Þá segir að Neytendastofa geti gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Reglur nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingaverð við sölu á vörum hafa verið settar á grundvelli framangreindra laga. Þar segir m.a. í 3. gr. að skylt sé að gefa upp verð fyrir vöru með réttu söluverði í íslenskum krónum.

V

Niðurstaða

Arkitekt á vegum sóknaraðila hafði samband við varnaraðila í mars 2023 og óskaði eftir kaupum á sérsníðaðri ryðfrírri borðplötu í eldhús sóknaraðila. Sendi arkitektinn sóknaraðila teikningu af eldhúsinu í tölvupósti 13. mars 2023 og upplýsti varnaraðili hana í kjölfarið að hann væri að smíða sams konar borðplötu með svipuðum málum fyrir annan viðskiptavin sinn en kostnaður vegna þeirrar smíði hafi verið um 1.000.000 krónur. Ræddu þau síðan saman símleiðis í kjölfarið um kaupin. Arkitektinn staðfesti ósk sóknaraðila um kaup á borðplötunni á umræddu verði með tölvupósti til varnaraðila, dags. 16. mars 2023. Var sammælt um að mæling á borðplötunni færi fram 20. sama mánaðar. Af samskiptum aðila verður ráðið að varnaraðili innti arkitektinn eftir því hvort eldhúsinnrétting yrði komin upp fyrir mælinguna, sem og vaskur og helluboð. Fullyrti arkitektinn að svo yrði. Að sögn varnaraðila hafi innrétting í eldhúseyju hins vegar ekki verið komin upp þann dag og hafi arkitekt vísað til mælinga á teikningu af eldhúsinnréttingu sem varnaraðili hafði undir höndum. Við uppsetningu borðplötunnar þann 30. maí 2023 kom í ljós að málin voru önnur en teikning gerði ráð fyrir en lengd borðplötunnar á eyjunni var um 27,5 cm lengri en innréttingin sjálf. Kveðst varnaraðili því hafa verið nauðbeygður að breyta borðplötunni á eyjunni með tilheyrandi kostnaði og vinnu. Sóknaraðili bendir á að arkitektinn hafi hvatt varnaraðila til að mæta aftur síðar þegar innrétting eyjunnar væri komin upp og mæla fyrir borðplötu þar. Þessu er þó mótmælt af hálfu varnaraðila. Með reikningi, dags. 2. júní 2023 krafðist varnaraðili greiðslu fyrir borðplötuna að fjárhæð 840.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Greiddi sóknaraðili reikninginn í kjölfarið. Þann 28. sama mánaðar barst sóknaraðila annar reikningur frá varnaraðila að fjárhæð 630.911 krónur vegna framangreindra breytinga á borðplötunni sem og vegna uppsetningar hennar. Varðar ágreiningur aðila þennan

síðari reikning varnaraðila. Hefur sóknaraðili greitt hann að fullu með fyrirvara um réttmæti hans.

Kærunefndin telur ágreining aðila eiga undir gildissvið laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna og vísast til skýringar 2. gr. þeirra laga ásamt 2. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. eiga lög um þjónustukaup ekki við þegar um er að ræða samsetningu, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytenda um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup.

Í málinu liggur ekki fyrir formlegt tilboð varnaraðila í smíðina. Hins vegar liggja fyrir skrifleg samskipti milli arkitekts sóknaraðila og varnaraðila sem fóru fram í kjölfar munnlegra samskipta þeirra um kaup sóknaraðila á borðplötunni. Ekki verður ráðið af framlögðum gögnum hvort uppsetning borðplötunnar hafi verið hluti af því verði sem varnaraðili gaf arkitektinum upp í aðdraganda kaupanna. Greinir aðila á um hvort varnaraðili hafi veitt arkitektinum þær upplýsingar munnlega, líkt og hann byggir á í málinu. Varnaraðili heldur því fram að arkitekt sóknaraðila hafi haft samband við hann símleiðis þann 15. mars 2023, í kjölfar þess að hann sendi arkitektinum upplýsingar um verð smíðinnar, í því skyni að fá frekari upplýsingar um kaupin. Kveðst varnaraðili hafa leiðbeint arkitektinum um hvernig vask þyrfti að kaupa svo unnt væri að sjóða hann við borðplötuna auk þess að honum hafi verið veittar upplýsingar um að uppmæling fyrir smíðina væri innifalin í verðinu. Þá kveðst varnaraðili hafa upplýst arkitektinn sérstaklega um að ef sóknaraðili hygðist óska eftir því að varnaraðili sæi um uppsetningu plötunnar yrði það unnið í tímavinnu.

Fallast má á það með sóknaraðila að ekki var gerður sérstakur fyrirvari af hálfu varnaraðila í skriflegum samskiptum hans við arkitekt sóknaraðila að uppsetning borðplötunnar væri ekki innfalin í uppgefnu verði. Varnaraðili byggir á því að hafa upplýst arkitektinn, með munnlegum hætti, um að uppsetning væri ekki hluti af verðinu áður en sóknaraðili staðfesti kaupin auk þess sem fram komi á heimasíðu varnaraðila, sem arkitektinn hafi verið hvattur til að skoða í aðdraganda kaupanna, að hann geri ekki tilboð í uppsetningar. Í endurupptökubeiðni sinni, dags. 27. júlí 2024, vísar varnaraðili einnig til þess að sökum fagþekkingu arkitektsins hafi hann mátt hafa vitneskju um hver kostnaður við sérsníði á stálborðplötum almennt væri auk þess sem það hafi verið hluti af vinnu hans að afla upplýsinga um kostnað vegna kaupanna fyrir sóknaraðila. Þá lagði varnaraðili fram tölvupóstsamskipti milli annars vegar arkitektsins og starfsmanns [...] dagana 13. til 16. desember 2022 og hins vegar tölvupóstsamskipti milli arkitektsins og sóknaraðila þann 16. sama mánaðar þar sem fyrirnefnd samskipti ásamt tilboði voru áframsend sóknaraðila. Að sögn varnaraðila hafi umrætt tilboð [...] verið vegna smíði á stálborðplötu og þar sem tilboðsverð [...] í þá smíði hafi verið umtalsvert herra en tilboð varnaraðila í sömu smíði hafi sóknaraðila mátt vera kunnugt að kostnaðaráætlun varnaraðila hafi ekki verið há og að uppsetningin væri ekki innifalin í því verði varnaraðila. Í athugasemdum sínum, dags. 9. október 2024, mótmælir sóknaraðili framangreindu og kveðst ekki hafa séð umrætt tilboð áður.

Við framlagningu kvörtunar sinnar lagði sóknaraðili fram tilboð [...], dags. 16. desember 2022 í eldhúsinnréttingu að gerðinni [...]. Samkvæmt því tilboði var sóknaraðila veittur 25% afsláttur af kaupunum. Virðist því sem [...] hafi gert tvö tilboð þann 16. desember 2022, annars vegar í eldhúsinnréttingu og hins vegar í stálborðplötu. Af framlögðum tölvupóstsamskiptum milli arkitektsins og starfsmanns [...], sem síðar voru áframsend sóknaraðila, verður ekki annað ráðið en

að þau samskipti varði tilboð vegna eldhúsinnréttingu en ekki vegna stálborðplötu. Verður því ekki unnt að fallast á með varnaraðila að sóknaraðili sjálfur hafi sannanlega haft vitneskju um tilboð [...] vegna stálborðplötunnar og þannig mátt gera sér grein fyrir því að kostnaðaráætlun varnaraðila hafi ekki verið há og að uppsetning borðplötunnar hafi ekki verið innifalin í verðinu. Er afstaða kærunefndarinnar því óbreytt hvað varðar það að sönnunarbyrði fyrir því að sóknaraðili hafi verið sannanlega upplýstur um að uppsetning væri ekki innifalin í kaupverði hvíli á varnaraðila. Verður varnaraðili að bera hallann af því að hafa ekki sýnt fram á það í málinu að hann hafi með fullnægjandi hætti sinnt upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila hvað þetta varðaði. Verður því að fallast á með sóknaraðila að varnaraðili hafi vanrækt að veita upplýsingar um atriði sem varnaraðili þekkti til og að sóknaraðili mátti vænta að fá upplýsingar um enda hefði vanrækslan áhrif á kaupin. Verður fallist á að sóknaraðila verði ekki gert að greiða fyrir þjónustu við uppsetningu nema að því leyti sem hún kunni að hafa orðið umfangsmeiri vegna rangra mála á borðplötu eldhúseyju. Varnaraðili hefur bent á að meiri vinna fólst í uppsetningu borðplötunnar sökum þess að gefin hafi verið röng mál á borðplötu eldhúseyju.

Samkvæmt sundurliðun reiknings, dags. 28. júní 2023, krafðist varnaraðili greiðslu á:

<i>„Vöruheiti</i>	<i>Magn</i>	<i>Ein.verð</i>	<i>Upphæð</i>
<i>[...]</i>	<i>8,00 klst</i>	<i>15.234</i>	<i>121.872</i>
<i>[...]</i>	<i>10,00 klst</i>	<i>15.234</i>	<i>152.340</i>
<i>[...]</i>	<i>12,00 klst</i>	<i>15.234</i>	<i>182.808</i>
<i>Akstur</i>	<i>2,00 ferð</i>	<i>4.456</i>	<i>8.912</i>
<i>Límkitti Business glært</i>	<i>1,00 stk</i>	<i>1.784</i>	<i>1.784</i>
<i>Tréskrúfur 4x40mm ryðfr.</i>	<i>30,00 stk</i>	<i>13</i>	<i>387</i>
<i>Ferkantað stál 16mm</i>	<i>4,00 mtr.</i>	<i>3.349</i>	<i>13.397</i>
<i>Verkfæragjald við vinnu</i>	<i>1,00 klst</i>	<i>27.300</i>	<i>27.300</i>
		<i>Upphæð án vsk.</i>	<i>508.799</i>
		<i>Vsk. upphæð</i>	<i>122.112</i>
		<i>Samtals ISK:</i>	<i>630.911“</i>

Líkt og áður hefur verið lýst uppgötvaðist það við uppsetningu að borðplata sem skyldi fara á eldhúseyjuna var of stór. Fyrir liggur að varnaraðili innti arkitekt sóknaraðila eftir því í aðdraganda máltöku hvort innréttingar væru komnar upp sem og hvort vaskur og helluborð væru á staðnum. Fullyrti arkitektinn að svo væri. Við máltökuna kom hins vegar í ljós að innrétting á eldhúseyju var ekki uppsett. Að sögn varnaraðila hafi arkitektinn vísað um mál hennar til teikninga af innréttingunni sem varnaraðili hafði undir höndum, en síðar kom í ljós að málin voru röng. Kveðst varnaraðili því hafa stuðst við þau mál sem þar komu fram við smíðina. Sóknaraðili ber því hins vegar við að varnaraðili eigi að bera ábyrgð á því að borðplata passi í samræmi við gefnar mælingar auk þess sem arkitekt hans hafi hvatt varnaraðila til að koma aftur og taka málin af eyjunni þegar hún væri komin upp. Það hafi varnaraðili hins vegar ekki gert. Í málinu liggur ekkert fyrir sem rennir stoðum undir að sóknaraðili hafi óskað eftir því við varnaraðila að hann kæmi á verkstað síðar og mældi fyrir borðplötu á eldhúseyjunni. Að mati kærunefndarinnar verður sóknaraðili að bera hallann af því að hafa veitt varnaraðila rangar upplýsingar um mál

innréttingarinnar í ljósi þess að innréttingin var ekki að fullu upp komin á þeim degi er aðilar sammældust um að varnaraðili myndi koma og taka málin. Verður sóknaraðili því að bera kostnað vegna þeirrar vinnu sem varnaraðili lagði til við breytingar á borðplötunni.

Við mat á fjárhæð greiðslu fyrir þá þjónustu að breyta borðplötunni verður að álitni nefndarinnar að líta til þeirrar vinnu og þess tíma sem varnaraðili innti af hendi í þágu verksins. Að auki ber að taka tillit til tíma sem fór í akstur á milli staða og efniskostnaðar.

Samkvæmt fyrrnefndum reikningi varnaraðila, dags. 28. júní 2023, voru alls skráðar 16 vinnustundir þriggja starfsmanna vegna uppsetningar borðplötunnar þann 30. maí 2023, þar af 8 vinnustundir vegna eins starfsmanns og 4 vinnustundir tveggja annarra starfsmanna. Þann 31. maí voru skráðar alls 6 vinnustundir tveggja starfsmanna við breytingu á borðplötunni og loks 8 vinnustundir tveggja starfsmanna við uppsetningu þann 5. júní 2023. Alls krefst varnaraðili greiðslu fyrir 30 vinnustundir vegna uppsetningar og breytinga.

Sóknaraðili bar því meðal annars við í kvörtun sinni að varnaraðili hafi krafist greiðslu fyrir fleiri klukkustundir en raunverulega voru unnar þann 5. júní 2023. Lagði sóknaraðili fram smáskilaboð milli aðila því til stuðnings þar sem fram kom að varnaraðili hugðist mæta til sóknaraðila um hádegisbil þann dag. Þá liggur fyrir að varnaraðili sendi sóknaraðila ljósmynd kl. 14.00 sem sýndi uppsetta borðplötu á eldhúseyju innréttingarinnar. Var framangreindu mótmælt af hálfu varnaraðila en engin gögn voru lögð fram því til stuðnings. Féllst kærunefndin á að sóknaraðila bæri því að greiða fyrir fjórar unnar klukkustundir þann dag í stað umkrafðra átta klukkustunda. Með endurupptökubeiðni sinni lagði varnaraðili fram ljósmynd af dagbók starfsmanns varnaraðila sem og tvær ljósmyndir viðkomandi, teknar kl. 13.58 þann 5. júní 2023. Að mati kærunefndarinnar verður ekki ráðið af dagbókinni hvenær starfsmaðurinn hóf í raun störf þann dag hjá varnaraðila. Hins vegar verður fallist á það með varnaraðila að af framlögðum ljósmyndum á verkstað, teknum kl. 13.58, að uppsetning borðplötunnar og frágangi var ekki fyllilega lokið á þeim tímapunkti. Álítur kærunefndin því að raunverulegt vinnuframlag varnaraðila 5. júní 2023 voru alls sex klukkustundir.

Að hliðsjón af öllu framangreindu álítur kærunefndin að sóknaraðila beri að greiða fyrir alls 12 vinnustundir vegna þjónustu varnaraðila við breytingar á borðplötunni þann 31. maí og uppsetningu hennar þann 5. júní 2023 auk efniskostnaðar og aksturs varnaraðila.

Ber varnaraðila því í samræmi við allt framangreint að endurgreiða sóknaraðila alls 340.023 krónur.

Með hliðsjón af framangreindu verður ekki annað séð en að greiðslukrafa varnaraðila sé að öðru leyti eðlileg með hliðsjón af umfangi verksins. Þá verður umkrafið tímagjald varnaraðila ekki talið ósanngjarnt í ljósi framlagðra upplýsinga sóknaraðila. Telur kærunefndin sig ekki hafa forsendur til að fallast á kröfu sóknaraðila um frekari lækkun á reikningi varnaraðila.

VI
Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 340.023 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson